




ÁRSSKÝRSLA 2017

Byggðasafn Skagfirðinga



Innihald

Inngangur	3
Starfsfólk	4
Opnunartímar	4
Gestir	4
Safnfræðsla.....	5
Fulbright styrkþegi við rannsóknir hjá safninu	6
Safnmunir	6
Ljósmyndun, skráning og pökkun safnmuna.....	7
Lánsmunum skilað	8
Munalán.....	9
Safngeymsla og skrifstofur.....	9
Styrkir.....	10
Samstarf og viðburðir.....	10
Útgáfa og erindi.....	11
Smárit	11
Rannsóknarrit og önnur rit	12
Greinar í ritrýndum tímaritum	12
Erindi og doktorsvörn.....	12
Rannsóknarskýrslur	13
Minjagripir og kort	13
Safnsvæðið í Glaumbæ.....	14
Safnlóðargarður	14
Þvottasnúra	15
Áshússýningar	15
Fornverkaskólinn og Tyrfingsstaðaverkefnið/BZ	16
Pálshús.....	16
Torfhleðsla og íslenskur byggingaarfur	17
Starfsemi fornleifadeildar/GZ	18
Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin	18
Eyðibygðarannsóknir.....	19
Önnur verkefni 2017	20

Forsíðumyndin er tekin úr flygildi (dróna) yfir Hegranesþingstað og sýnir útlínur miðaldakirkjugarðsins þar og kirkjurúst í honum miðjum /Ljósm. SCASS.

Inngangur

Árið 2017 var ár viðbragða við pólitískum inn gripum sem munu hafa áhrif á starfsemi safnsins til langs tíma.

Árið einkenndist öðru fremur af:

- 1) óvissu í safnhúsnæðismálum þegar ákveðið var að gera húsalengjuna á Aðalgötu 21a-b (Gránu og Mjólkursamlagshúsin) að framtíðarsafnhúsum þegar Minjahúsinu á Aðalgötu 16b, þar sem safnið er til húsa, var hrókerað fyrir húslengjuna. Ekki fengust iðnaðarmenn til að gera Aðalgötu 21a-b klára fyrir safnið á árinu 2017. Ákveðið var að safnmunir yrðu geymdir í bráðbirgðavarðveislurými á öðrum stað, í húsnæði sem er í smíðum. Í desemberlok var ófrágengið um hvert rannsókn- og skráningaraðstaða safnsins yrði færð.
- 2) kapphlaupi við tímann við að ljósmynda og pakka safnmunum. Í árslok var búið að pakka munum á 180 bretti, en þau urðu 202.
- 3) stórmerkilegum áföngum og góðum árangri í fornleifarannsóknum í Hegranesi og í Fljótum.

„Menningararfsár Evrópu“ (European Year of Cultural Heritage-2018) er gengið í garð og fráfarandi safnstjóri setur traust sitt á að Byggðasafni Skagfirðinga verði gert kleift að standa staðfast og mikilvirkt í hlutverki sínu langt inn í framtíðina.

Sigríður Sigurðardóttir.

Starfsfólk

Dr. Guðný Zoëga, deildarstjóri Fornleifadeildar og Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri, voru í 100% ársstöðugildum. Bryndís Zoëga, verkefnisstjóri Fornverkaskóla, með meiru, sem einnig var í 100% stöðugildi á fyrri hluta árs minnkaði starfshlutfallið seinni hluta ársins.

Safnverðirnir dr. Antoine Millet, Berglind Róbertsdóttir, Hrönn Birgisdóttir og Swanhild Ylfa K R Leifsdóttir, Berglind Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri þökkunar, Inga Katrín D.

Magnúsdóttir, verkefnisstjóri varðveislu og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur, voru verkefnaráðin við rannsóknir, skráningar, ljósmyndun og þökkun safnmuna og móttöku gesta. Safn- og staðarverðir í Glaumbæ og á Víðimýri yfir sumartímann, auk Antoine, Hrannar, Ylfu og Berglindar R., voru: Dagmar, Guðrún, Jóns, Ísak, Philip, Sæþór, Þórhallur og Einar Örn.

Samstarfsfólk á árinu var með fjölmennasta móti. Mest bar á 20 manna hópi sérfræðinga og námsmanna frá Boston sem vann með okkur við fornleifarannsóknir í Hegranesi.

Opnunartímar

Skrifstofur safnsins í Gilsstofu og Minjahúsinu voru opnar alla virka daga ársins.


Sýning safnsins í gamla torfbænum í Glaumbæ var opinn alla virka daga milli 10-16 frá 1. apríl til 19. maí. Frá 20. maí til 20. september voru sýningar í Áshúsi og Glaumbæ opnar 9-18 alla daga. Frá 21. september til og með 20. október var opnunartímanum breytt aftur þannig að bærinn var opinn alla virka daga milli 10 og 16. Eftir það og út árið var opið eftir samkomulagi. Boðið var upp á rökkurgöngur helgina 16. og 17. desember, milli kl. 16 og 17.

Í apríl ákvað Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar að vegna „fyrirhugaðra flutninga [...] sýningum og upplýsingamiðstöð ferðamanna í húsinu lokað. Næstu mánuðir [...] nýttir til þökkunar muna og flutninga starfseminnar í annað húsnæði“. Minjahússýningarnar voru því ekki opnaðar eftir 1. maí 2017.

Víðimýrarkirkja var opin 9 - 18 alla daga, frá 1. júní til 31. ágúst.

Gestir

Gestir gamla bæjarins í Glaumbæ voru 40.010. Í Víðimýrarkirkju komu 6.889. Á báðum stöðum voru talsvert færri gestir en árið áður. Á sýninguna *Annað land, annað líf* í Vesturfarasetrinu komu 3.300 gestir og 950 komu á sýningu Söguseturs íslenska hestsins.



Safnfræðsla

Fjöldi skólanema komu í safnfræðslu, bæði í Minjahúsið og í Glaumbæ.

S A F N F R Æ Æ S L A O G F R A M H A L D S N Á M S A Æ S T O Æ

39	leikskólabörn
36	grunnskólabörn
92	framhaldsskólanemar
129	háskólanemar
296	samtals

Bein námsaðstoð

- 1 MA menntaskólanemi, fékk aðstoð við ritgerð
- 1 franskur doktorsnemi, fékk aðstoð við skrif um torfhús
- 1 ísl. mastersnemi í fornleifafræði, fékk rannsóknaraðstöðu
- 1 bandar. Doktorsnemi, fékk rannsókn- og námsaðstöðu

Svo sem fram kemur á listanum hér fyrir ofan fá nemendur á öllu skólastigum aðstoð hjá starfsmönnum safnsins við hin margvíslegustu verkefni, safnfræðslu, ritgerðarsmíði, verkþjálfun, handbragðakennslu, o.m.fl.



Leikskólanemar og starfsfólk frá leikskólanum í Varmahlíð í október 2017, ásamt þremur nemendum Varmahlíðarskóla, í leikskólavali, sem voru í starfskynningu.

Háskólanemar koma oft og dvelja hjá okkur við rannsóknir í skemmri eða lengri tíma. Guðrún Þóra Friðriksdóttir, mastersnemi í mannabeinafræði við Duram háskóla í Englandi fékk að



vera með starfsfólki Fornleifadeildar um tíma. Hún var að skrifa um tannheilsu og mataræði til forna og var efniviðurinn m.a. beinagrindur úr Víkurkirkjugarði í Reykjavík, sem voru tímabundið í Minjahúsinu, til rannsókna.

Guðrún Þóra Friðriksdóttir, fornleifafræðinemi við mannabeinarannsóknir hjá Fornleifadeild.

Fulbright styrkþegi við rannsóknir hjá safninu

Kathryn Caitlin, doktorsnemi frá Northwestern University í Evanston, Illinois, fékk starfsaðstöðu hjá safninu á fyrri hluta ársins og fram á sumar. Kathryn stundaði rannsóknir í



Skagafirði fyrir styrk frá Fulbright. Hún var og er að rannsaka hvernig búskaparhættir hafa breyst í tímans rás í Hegræsi og tengist rannsókn hennar öðrum fornleifarannsóknum sem þar fara fram. Safnið bauð Kathryn stuðning til rannsókna í formi skrifstofuáðstöðu, ráðgjafar, aðgangs að heimildum og tækifæra til að vinna með og læra af starfsfólki Fornleifadeildar.

Kathryn Caitlin, doktorsnemi í fornleifafræði. Myndinni er tekin sumarið 2015 þegar hún var við uppgröft í 11. aldar kirkjugarðinum á Seylu.

Safnmunir

Skráðum safnmunum fjölgaði um 80 á árinu 2017. Í árslok voru safnmunir samtals 5280. Þeir hafa allir verið skráðir í gagnagrunninn Sarp. Við þökkun safnmuna og muna af biðlistum opnaðist möguleiki til að setja upp einingu innan safnsins sem hægt er að kalla snertisafn. Safnmunir í snertisafni munu koma að góðum notum. Einkum ef safnmunir verða hýstir lengi í óaðgengilegri bráðbirgðageymslu. Snertisöfn nýtast nemendum í safnfræðslu, sjóndöprum, öldruðum með minnisglöp og til sýninga og fræðslu í annarra húsum en safnsins. Með snertisafni er gestum gefinn kostur á annarskonar upplifun heldur en venjulega á safnsýningum þar sem bannað er að snerta munina.



Meðal muna sem bárust safninu á árinu er þessi útskorni 19. aldar kistill, sem er sagður skorinn af Bólu-Hjálmar og Biblía sem prentuð var 1747. Systurnar Birna Þóra og Anna Kristín Gunnarsdætur gáfu safninu þessa muni til minningar um foreldra þeirra, Gunnar Þórðarson og Jófríði Björnsdóttur.



Ólíkir vasar.

Til vinstri er blómavasi sem Guðlaug Arngrímsdóttur í Litlu-Gröf málaði. Hún var mikilvirkur postulínskmalari og átti margt fallestu muna í fórum sínum. Safnið fékk nokkra muni í arf úr dánarbúi hennar.

Til hægri er stafastandur (vasi) sem afkomendur óperusöngvarans Stefáns Íslandi gáfu safninu, ásamt fleiri munum.

Ljósmyndun, skráning og pökkun safnmuna

Berglind Þorsteinsdóttir og Inga Katrín D. Magnúsdóttir unnu við pökkun safnmuna. Allir munir voru ljósmyndaðir um leið og gengið var frá þeim til flutninga og varðveislu á brettum. Pökkun safnmuna er vandaverk sem krefst varfærni og ríkrar skipulagsgáfu. Hvern mun þarf að meðhöndla eftir kostum og kynjum, ástandi og gildi. Sumum safnmunum var margpakkað, í silkipappír, í kassa og svo á bretti. Um leið var allt skrásett þannig að auðvelt á að vera að skipuleggja væntanlega flutninga og koma mununum fyrir í næsta varðveislurými.

Berglind Róbertsdóttir, dr. Antoine Millet og Swanhild Ylfa K. R. Leifsdóttir ljósmynduðu og skráðu fjölda muna og Berglind endurskipulagði Áshússkjallarageymsluna. Þær Ylfa og hún

unnu einnig við að skrá ljósmyndir af munum í Minjahúsinu og setja inn á Sarp (sarpur.is) og prófarkarlásu safnmunatexta.

Lánsmunum skilað

Þegar tekin hafði verið ákvörðun um að loka Minjahússýningunum var dýrmætum lánsmunum sem þar voru skilað til eigenda sinna. Hvítabirni, sem felldur var við Þverárfjallsveg sumarið 2008 og safnið hafði haft í láni frá Náttúrufræðistofnun Íslands, var skilað í lok apríl. Í maíbyrjun ók Björn Sverrisson Ford A bifreið sinni, árgerð 1930, út úr Minjahúsinu. Bifreiðin hafði staðið á torginu við gömlu verkstæðin í Minjahúsinu í rúman áratug og glatt margan bílaáhugamanninn.



Frá vinstri: Berglind Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri þökkunar, dr. Guðný Zoëga, deildarstjóri Fornleifadeildar og Björn Sverrisson, fyrrverandi eldvarnaeftirlitsmaður á Sauðárkróki og eigandi forn bifreiðarinnar. Ljós/PIB.



Hvítabjörnin í búi sínu í Minjahúsinu. Hann er nú varðveittur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Munalán

Nokkrir munir voru lánaðir til sýninga þar sem fjallað var um skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi. Sýningar um hana voru settar upp á sama tíma í gamla barnaskólanum á Aðalgötu 2, á Sauðárkróki og í Sólögörðum, í Fljótum. Langflestir lánsmunanna voru úr snertisafni af biðlistum BSk.

Safnið hefur lánað Vesturfarasetrinu á Hofsósi og Sögusetri íslenska hestsins, á Hólum í Hjaltadal, muni sem eru uppistaða sýninganna á setrunum. Sömuleiðis eru lánsmunir frá safninu í sýningarskáp í Fræðslusetri Þjóðkirkjunnar á Löngumýri og hjá Gestastofu sútarans á Sauðárkróki.

Safngeymsla og skrifstofur

Á fundi byggðaráðs í febrúar var gengið að tilmælum Atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar frá 1. júlí 2016 um að gera samning við „*Kaupfélag Skagfirðinga um makaskipti á Aðalgötu 16b (Minjahúsið) og Aðalgötu 21-21a (Gamla samlagið að fyrrverandi Iðju meðtalinni og Grána) með það í huga að nota húsnaðið undir starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga á Sauðárkróki*“.¹ Ljóst var að mikið þurfti að gera við húsasamstæðuna á Aðalgötu 21 a-b áður en safnið gæti flutt þar inn. Ráðgert var að gera við hana þannig að hægt væri að flytja skrifstofur (rannsóknarstarfsemi, skráningar) safnsins inn í syðsta hlutann svo fljótt sem auðið væri og finna bráðabirgðageymslu á meðan unnið væri í húsunum. Auglýst var eftir viðunandi geymsluhúsnaði en ekkert fannst. Þá var ákveðið að kaupa aðstöðu til varðveislu safnmuna í húsi sem byrjað var að byggja haustið 2017. Ekki tókst að fá iðnaðarmenn til að taka að sér viðgerðir á húslengjunni á Aðalgötu 21 a-b þannig að í lok árs var enn óvissa um hvert rannsóknarstarfsemi safnsins færi á meðan framtíðarhúsnaði safnsins er ekki tilbúið. Þolinmæði nýs Minjahússeiganda er þakkarverð.



Framhúsið á Tyrfingsstöðum. Fyrir miðju eru Bæjardyrnar, vinstra megin þeirra er Stofan og hægra megin er Skálinn. Þannig héldu gömlu nöfnin sér þótt húsagerðin hafi gjörbreyst frá því þessi hús voru stök hús undir sínu eigin þaki.

¹ Fundargerð frá 1.7. 2016, tilvísun nr. 1606281. Sjá: <http://www.skagafjordur.is/is/stjornsysla/skipulag/fundargerdir/atvinnu-menningar-og-kynningarnefnd/3261>. Sótt. 5.2.2017. Í mars 2018 var greint frá því að sett yrði upp sýndarveruleikasýning í húslengjunni við Aðalgötu 21 a-b og fundið annað húsnaði fyrir safnið.

Styrkir

Fornleifadeild Byggðasafnsins hlaut hæsta styrkinn úr Fornminjasjóði árið 2017, 4 milljónir króna, til áframhaldandi rannsókna á kirkjugarðinum í Keflavík í Hegranesi. Fornminjasjóður veitti einnig 1,5 milljónir króna styrk til verkefnisins *Eyðibýggð og afdalir* Skagafjarðar, sem er samstarfsverkefni safnsins og Byggðasögu Skagafjarðar um rannsóknir elstu byggðar. Unninn var þriðji og síðasti áfangi *Skagfirsku kirkju- og byggðasögurannsóknarinnar* (SCASS) fyrir styrk frá Bandaríska rannsóknarráðinu. Styrkurinn var í allt 90 millj. ísl. króna og skiptist hann á þrjú ár. Fiske Centre, Boston háskóli og fornleifadeild safnsins skiptu styrknum á milli sín en stærsti hluti hans hefur runnið til aðstöðu og uppihalds rannsakennda í Skagafirði. Fornleifadeildin fékk tæpar 3 milljónir í sinn hlut á árinu. Rannsóknarstyrkir eru mikilvægar faglegar viðurkenningar og gera okkur kleift að halda úti þekkingarskapandi sérfræðistörfum sem styrkja bæði safn og samfélag.

Úr Safnasjóði fengust 2,5 millj. kr. 1 milljón króna í rekstrarstyrk og 1,5 milljón króna til að ljósmynda og skrá safnmuni í Sarp.

Fornverkaskólinn fékk 450.000 kr. styrk frá Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra sem notaður var til þess að fjármagna námskeið sem haldin voru á Tyrfingsstöðum.

Húsafriðunarsjóður veitti safninu tvo styrki, samtals 2 milljónir króna. Annarsvegar 1,5 milljónir króna til Tyrfingsstaðaverkefnisins og 500 þúsund krónur til ritunar ritsins *Torf í arf, torfrannsóknir*, sem verður 3. rannsóknarrit Byggðasafnsins.

Akrahreppur styrkti Tyrfingsstaðaverkefnið um 500 þúsund krónur til tveggja ára. Helmingur var greiddur út 2017 og hinn verður greiddur 2018.


Samstarf og viðburðir

Gott samstarf hefur verið við Þjóðminjasafn Íslands um rekstur gamla bæjarins í Glaumbæ á undangengum áratugum og síðast liðin tvö ár einnig um rekstur Víðimýrarkirkju. Komist var að breytingum á samningum og sagði Þjóðminjasafnið upp rekstarsamningi um gamla bæinn í Glaumbæ, sem hafði gilt frá 2002. Þreifingar voru um hvort byggðasafnið gæti tekið að sér rekstur allra átta húsa húsasafnsins í Skagafirði en þau eru, auk Víðimýrarkirkju og Glaumbæjar: Bæjardyrhús á Reynistað, Bæjardyr og þingstofa á Stóru-Ökrum, Nýibær á Hólum, Sjávarborgarkirkja, Grafarkirkja og Pakkhúsið á Hofsósi. Var samræðum um það slegið á frest en samningur um gamla bæinn í Glaumbæ settur í forgang. Samningurinn var ófrágenginn í árslok 2017.

Samstarf við Áskaffi um að skerpa skilning safngesta á lifnaðarháttum fyrr á tímum er ómetanlegur kostur fyrir safnið. Þangað sækir fólk sem vill virkja bragðlaukana.

Gert var við grindverkið utan um forkirkjugarðinn á Víðimýri eftir að stjórnlaus gestkomandi bíll rann á það og braut niður á kafla. Grindverkið var svo allt málað. Gert var við kalda- og heitavatnslagnir og sett var nýtt hlið á afleggjarann niður að fjárhúsunum en þau eru komin í hlutverk timburgeymslu fyrir Þjóðminjasafnið.

Á alþjóðlega safnadeginum, fimmtudaginn 18. maí, var stemning í baðstofunni í Glaumbæ. Sjálfboðaliðar til áratuga, þær Margrét Ingvarsdóttir, Guðríður B. Helgadóttir, Kristín Helgadóttir og María Helgadóttir sýndu ýmis handbrögð í baðstofunni og Hilma Eiðsdóttir Bakken og Björg Baldursdóttir kváðu stökur.



Þann 18. maí var boðið upp á handverkssýningu og kveðskap í baðstofunni í Glaumbæ. Á myndinni til vinstri eru Hilma og Björg að kveða saman. Á myndinni til hægri hefur Dagmar safnvörður stillt sér upp með prúðbúnum gestum.

Á neðri myndinni eru nokkrir félagar á Sturlunga-slóð sem lásu saman úr Sturlungu í Áshúsinu alla sunnudagsmorgna í febrúar og mars.


Útgáfa og erindi

Starfsfólk safnsins vann og gaf út fjölda rannsóknarskýrsla.

Þrjú smárit komu út, eitt rannsóknarrit og eitt sögutengt samstarfsverkefni, auk ýmissa kynningar- og leiðsagnarpappíra.

Smárit

Smáritið *Lesið í landið* var þýtt á ensku og kom út undir heitinu *READING THE LANDCAPE*. Ritið fjallar um sjáanlegar minjar í landslaginu og hvernig hægt er að lesa úr þeim miðað við form og staðsetningar. Höfundar eru: Guðmundur St. Sigurðarson,



Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir. Nancy Marie Brown, rithöfundur, þýddi textann á ensku. Sömu leiðis voru smárit um gamla byggingahætti (*Méthodes de construction traditionnelles*) og Guðríðar saga Þorbjarnardóttur (eða Geilsar yfir kynkvíslum / *D'après le livre*) þýdd á frönsku af dr. Antoine Millet, sem var safn- og staðarvörður í Glaumbæ þegar hann þýddi þau.

Rannsóknarrit og önnur rit

Annað rannsóknarrit safnsins kom út á árinu, *Þrif og þvottar í torfbæjum*. Ritið er verk Sigríðar Sigurðardóttur, sem hafði unnið að rannsóknum á þrifnaðarhátum í torfbæjum í nær tvo áratugi, með öðrum störfum.

Ritið *Á Sturlungaslóð í Skagafirði* var uppselt og var endurútgefið. Það var fyrst gefið út árið 2003 af Byggðasafni Skagfirðinga, Héraðsskjalasafni Skagfirðinga og Háskólanum á Hólum. Nú er það gefið út af Byggðasafni Skagfirðinga og félaginu á Sturlungaslóð, sem heldur utan um kynningar á sögu- stöðum, sem tengjast valdaátökum milli Ásbirninga og Sturlunga og fleiri valdaætta á 13. öld.

Greinar í ritrýndum tímaritum


Brian Damiata, John Steinberg, Dougal Bolender, Guðný Zoëga og John Schoenfelder (2017). Subsurface imaging a Viking-Age churchyard using GPR with TDR - Direct comparison to the archaeological record from an excavated site in northern Iceland. *Journal of Archaeological Science - Reports*, 12, bls. 244-256.

Guðný Zoëga og Douglas Bolender (2017). An archeology of moments – Christian Conversion and practice in a medieval household cemetery. *Journal of Social Archaeology* 17(1), bls. 69-91.

Erindi og doktorsvörn

Guðný Zoëga varði doktorsritgerð sína þann 28.2.2017. Ritgerðin: *Keldudalur, a typical household cemetery? The early medieval household cemetery in Iceland*, er byggð á rannsóknum hennar á mannabeinum úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegræsi. Í sama skipti hélt hún opinn fyrirlestur um skagfirskar mannabeinarannsóknir við Oslóarháskóla. Í mars hélt hún fyrirlestur við Guðbrandsstofnun um doktorsrannsóknir sínar. Hún hélt einnig fyrirlestur um skagfirskar fornleifarannsóknir á afmælishátið Héraðsskjalasafns og Sögufélags Skagfirðinga sem haldið var í maí og í september hélt hún svo fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands um Hegræsrannsóknirnar.

Sigríður Sigurðardóttir hélt nokkur erindi og fyrirlestra á árinu. M.a. um skagfirskan byggingararf fyrir NAT4-hópin sem heimsótti Skagafjörð á vegum Fornverkaskólana. Hún



hélt einnig erindi á Farskóla safnmanna í september þar sem umfjöllunarefnið var söfn í stafrænni veröld. Fjallaði erindið um ýmsa möguleika með og án stafrænnar miðlunar í Fornverkaskóla.

Rannsóknarskýrslur

Ellefu rannsóknarskýrslur voru gefnar út á árinu.

- *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal*. Bryndís Zoëga 2017/192.
- *Fornleifaskráninga vegna lagningar ljósleiðara frá Sauðárkróki að Marbæli*. Bryndís Zoëga 2107/190.
- *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í Deildardal og Unadal, Skagafirði*. Bryndís Zoëga 2017/189.
- *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í Fellum, Fljótsdalshéraði*. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga 2017/188.
- *Fornleifaskráning vegna lagningar raflínu í landi Högnastaða, Reyðarfirði*. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga 2017/187.
- *Fornleifaskráning vegna stækkunar fiskeldis Íslandsbleikju að Núpsmýri, Öxarfirði*. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga 2017/182.
- *Framkvæmdaefirlit vegna hitaveitu á Sjöundastöðum og Mósógum í Fljótum*. Guðný Zoëga 2017/181.
- *Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi*. Bryndís Zoëga 2017/180.
- *Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs frá Varmahlíð að Sauðárkróki*. Bryndís Zoëga 2017/179.
- *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Kolugljúfur*. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga 2017/178.
- *Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar X - byggðasögurannsókn*. Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga 2017/177.

Fimm rannsóknarskýrslur komu út í tengslum við fornleifarannsóknir í Hegranesi og eru þær birtar á heimasíðu Fiske Center við Bostonháskóla.

Þá var unnið úr heimildum um torfrannsóknir safnsins og skrifað um *Torf í arf - Tyrfingsstaðaverkefnið*, sem verður 3. rannsóknarrit Byggðasafnsins.

Minjagripir og kort

Safnið gaf út fjögur póstkort með myndum frá safnsvæðinu í Glaumbæ. Einnig voru framleiddir seglar með mynd af segulmögnum konum, í þjóðlegum búningum, sem heimsóttu safnið á kvenréttindaginn þann 19. júní.



Konur minntust formæðranna, sem fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis þann 19. júní 1915. Kosningarétturinn gildi fyrir konur, sem voru orðnar 40 ára og eldri. Svo hár aldursþröskuldur var hvergi annarsstaðar settur.

Safnsvæðið í Glaumbæ

Þjóðminjasafn Íslands á gamla torfbæinn þar sem elsta sýning safnsins er hýst en Skagfirðingar eiga 19. aldar timburhúsin, sem kölluð eru Gilsstofa og Áshús. Deiliskipulagi fyrir safnsvæðið í Glaumbæ er enn ólokið en húsin, sem safnið notar til sýningahalds og móttöku gesta, er innan afmarkaðs svæðis á landi Þjóðkirkjunnar.

Safnlóðargarður

Dagana 13. til 14. febrúar var rist torf á Glaumbæjareyjum í frostlausri jörðu í blíðskaparveðri. Torfið var notað ofan á safnlóðarvegginn, frá bílastæði að kirkjuplani, til að hækka hann. Veggurinn, sem var hlaðinn árið 2003, var orðinn mjög siginn og fólk var farið að ganga yfir hann næstum því hvar sem það kom að honum. Veggurinn var hlaðinn í sömu hæð og nýi kirkjugarðsveggurinn, sem hlaðinn var 2016. Með því var „yfirgangurinn“ stöðvaður og samræmi varð betra á veggjunum. Verkið unnu Helgi Sigurðsson og Þorgils Sigurðsson, torfhleðslumenn hjá Fornverki ehf.



Þorratorf.



Frostlaus vetur olli mikilli rýrnun á veggjum gamla torfbæjarins í Glaumbæ. Sund milli Eldiviðarskemmu og Bláustofu lækkaði um hálfan metra og þarfnast lagfæringar. Þök voru lögðuð á Smiðju og Syðri-Skemmu. Sundendar við Göngin voru lagaðir og sett um 30 sm torflag fyrir göt við gluggana þar og á Langabúri.



Þvottasnúran, sem sett var upp af Fornverksmönnum, er sannkallað augnayndi og minnir á liðna tíma þegar snúrur voru við hvert hús.

Þvottasnúra

Gamaldags þvottasnúra var sett upp austan við Áshúsið. Hún gegnir stóru hlutverki við að þurrka þvotta safns og kaffistofu og ekki síður til að minna gesti safnsins á þessi þarfaþing sem ekkert heimili gat verið án, fyrir tíma þurrkaranna.

Áshússýningar

Ýmsar breytingar voru gerðar á sýningum á Áshúsloftinu. Fjölgað var leikföngum í Monikustofu. Þótt brúður, bangsar, bílar og allskonar útsöguð dýr hafi ekki endilega átt heima á Merkigili að þá eru þau frá sama tíma og þegar barnahópurinn hennar Moniku var að alast upp þar. Stofusófi frá um 1920 var settur inn í sparistofuna. Ný sýningarskrá var unnin fyrir Áshúsið og hún þýdd á ensku og frönsku.

Fornverkaskólinn og Tyrfingsstaðaverkefnið/BZ

Fornverkaskólaverkefnið var rekið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Verkefnisstjóri, Bryndís Zoëga, skipulagði, fjármagnaði og undirbjó námskeið, samskipti við nemendur og kennara, hafði umsjón með kennsluaðstöðu á Tyrfingsstöðum, auk þess að svara fyrirspurnum sem að Fornverkaskólanum berast. Haldin voru tvö torfhleðslu námskeið, bæði á Tyrfingsstöðum á Kjálka. Fyrra námskeiðið var haldið dagana 26.-28. maí en hið síðara var haldið 1. -8. júní. Eins og áður var það Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. sem kenndi á námskeiðunum en honum til aðstoðar voru starfsmenn Fornverks þeir Eiríkur Skarphéðinsson og Kristinn Þór Bjarnason. Ýmislegt þurfti að gera á Tyrfingsstöðum utan hefðbundinna námskeiða, s.s. að setja lista á baðstofuklæðninguna.



Þannig litu Pálshús út áður en hreinsað var upp úr tóftinni. Húsið var niðurfallið, þakviðir voru flestir ónýtir en veggir voru heilir á parti.

Pálshús

Áður en námskeiðin hófust þurfti að undirbúa „kennsluefnið“ sem að þessu sinni var Pálshúsin, fjárhús með heytóft sem standa suður á túni. Húsin voru mikið hrunin og því þurfti að byrja á því að hreinsa út úr þeim grind, hrunda veggi og þak. Það verkefni var í höndum starfsmanna Fornverks ehf., verkefnisstjóra Fornverkaskólans og ábúenda á Tyrfingsstöðum. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur hjá Byggðasafninu var til staðar þegar grafið var út úr húsunum ef ske kynni að komið væri niður á eldri minjar. Hún sá einnig um að teikna og mæla tóftina þegar búið var að hreinsa alveg úr húsunum.

Torfhleðslunámskeiði 26. – 28. maí var með eilítið öðru sniði en venjulega. Boðið var upp á 3ja daga námskeið og var eingöngu kennd, torfhleðsla og -stunga en undanfarin ár hafa námskeiðin verið samsett, þ.e. torfhleðslu- og grindarnámskeið. Þetta fyrirkomulag kom ágætlega út. Nemendur voru ellefu og þar af voru komu fjórir erlendir háskólastúdentar sem

allir eru að vinna að sínum verkefnum á Íslandi og öll hafa þau eitthvað með torfbyggingar að gera. Erlendir nemendur komu frá Austurríki, Bandaríkjunum og Frakklandi. Íslenskir nemendur voru sjö og þar af voru þrír nemendur af Ströndum en það var sérstaklega ánægjulegt að fá svo stóran hóp frá einu svæði. Hluti af námskeiðinu var að taka niður gömlu torfveggina og læra með því að „lesa“ úr vegghleðslunum, s.s. hvernig veggirnir voru uppbyggðir og hvaða efni var notað. Síðan var lagt upp með að byggja veggina upp eins, eftir því sem við var komið. Í lok námskeiðs voru veggir komnir í fulla hæð og standa nú Pálshúsin tilbúin fyrir grind og þak.



Pálshús voru endurbyggð að mestum hluta á fyrra námskeiðinu vorið 2017.

Torfhleðsla og íslenskur byggingararfur

Eins og fyrr er getið var haldið námskeið dagana 1.-8. júní þegar Byggðasafnið og Fornverka-skólinn buðu upp á námskeið sem kalla mætti á íslensku *Torfhleðsla og íslenskur byggingararfur*. Námskeiðið er haldið fyrir Skota sem starfa eða eru viðriðnir menningargeirann á einhvern hátt. Frá 2012 höfum við tekið á mótí fjölda sérfræðinga, sjálfboðaliða, listamanna og áhugafólks um varðveislu og miðlun á menningararfi. Verkefnið kallast NAT4 (Managing our Natural and Cultural Heritage Assets) og er styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins og unnið í samtarfi við fyrirtækið ARCH í Skotlandi. Hópurinn taldi að þessu sinni sjö einstaklinga, sex frá Skotlandi og einn þátttakandi kom alla leið frá Patagóníu í Chile. Markmið með námskeiðinu er að kynna fyrir nemendum íslenskan byggingararf með áherslu á torf og var ýmislegt gert þessa viku. Þau fengu þrígga daga námskeið í torfhleðslu og skoðunarferðir um um Skagafjörð, sem er sérlega ríkur af gömlum merkilegum byggingum.

Starfsemi fornleifadeildar/GZ

Að vanda voru fjölbreytt verkefni á borðum Fornleifadeildar safnsins, bæði útseld þjónustuverkefni og rannsóknarverkefni. Lesa má frekar um verkefni deildarinnar í útgefnum skýrslum í gagnabanka á heimasíðu byggðasafnsins og á samfélagsmiðlum.² Hér verður sérstaklega fjallað um tvær stærstu rannsóknirnar og tæpt á nokkrum sérverkefnum deildarinnar.

Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin

Skagfirska kirkju- og byggðasögurannsóknin (Skagafjörður Church and Settlement Survey) miðar að því að kanna landnotkun og byggðapróun frá landnámi fram um 1300 með sérstakri tengingu við kirkjusögu. Rannsóknarsvæðið afmarkast við jarðir í Hegranesi. Rannsóknin er unnin í samstarfi við bandarískar háskólastofnanir og hefur hún hlotið veglega styrki úr bandarískum rannsóknarsjóðum og Fornminjasjóði. Þetta sumarið voru minjar rannsakaðar í Keflavík, Beingarði, Keldudal, Ásgrímsstöðum, Svanavatni auk nokkurra fornþýla og annarra nytjastaða utan heimatúna og í úthögum.



Kirkjugarðurinn í Keflavík séður úr flygildi í lok uppgrafar í ágúst 2017.

Fjöldi könnunarskurða og mörg þúsund borkjarnar voru teknir, stór svæði voru mæld með ýmiskonar jarðsjásmælingartækjum auk þess sem grafnar voru upp sjö grafir og lokið við uppgröft kirkju og kirkjugarðs í Keflavík. Alls tóku 17 manns þátt í rannsókninni. Enn á ný fékk hópurinn frábærar viðtökur íbúa í Hegranesi sem hafa sýnt af sér bæði mikla þolinmæði og hjálpsemi. Um var að ræða síðasta stóra ár verkefnisins en sumarið 2018 verður smærri hópur að störfum í Nesinu við að hnýta lausa enda. Þá hefst úrvinnsla gagna úr rannsóknum.

Gerðar voru frekari jarðsjásmælingar og könnunarskurðir voru teknir á hinum friðlýsta Hegranesþingstað í samráði við Minjastofnun Íslands. Lokið var við þriðja og síðasta hluta heildar uppgraftar 11. aldar kirkjugarðs í Keflavík í Hegranesi. Einnig var hafin rannsókn á mannabeinasafni því sem komið hefur upp í uppgreftrinum

² <http://www.glaumbaer.is/is/gagnabanki/rannsoknarskyrslur>, <https://www.facebook.com/icelandscass>, https://www.instagram.com/scass_iceland/, <https://www.facebook.com/skagafjordur.is/>




Margir komu á opna daginn til að kynna sér rannsóknirnar og frumniðurstöður þeirra.

Í lok júlí var opið hús í starfsstöð SCASS – Skagfirsku kirkju- og byggðasögunannsóknarinnar, í Verknámshúsi Fjölbrautarskóla Norðurlands vetra þar sem almenningi var boðið að koma og kynna sér rannsóknirnar og starfsmenn hennar stóðu vaktina við að kynna rannsóknirnar og sýna gripi og annað sem fundist hefur. Einnig voru sýndar þær aðferðir sem notaðar eru, hvernig gripir eru forvarðir og jarðvegssýni fleytt. Um 100 manns komu á kynninguna í FNV og 15 manns komu í vettvangsferðina Hegransþingstað. Dagurinn heppnaðist í alla stað frábærlega og gaman að finna fyrir áhuga heimamanna

Eyðibýggðarannsóknir

Frá 2003 hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins *Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar*. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu. Í heild hafa 146 staðir verið aldursgreindir með könnunarskurður og/eða kjarnaborum en mörg hundruð staða hafa einnig verið mæld upp.

Sumarið 2017 voru alls 28 staðir rannsakaðir í Fljótum, þar með talinn mögulegur forn kirkjugarður að Gautastöðum í Stíflu. Í Holtsdal fundust leifar bæjar eða bæja og fjöldi selja sem litlar heimildir eru til um. Rannsóknin var unnin með styrk úr Fornminjasjóði. Skýrsluna, sem og aðrar skýrslur um verkefnið, má finna í gagnabanka á heimasíðu Byggðasafnsins.



Beitarhúsa- bæjar- og seltóftir í Holtsdal á tungu milli Holtsdalsár og Ólafsfjarðardalsár.

Önnur verkefni 2017

Fornleifadeildin vann að ýmsum öðrum verkefnum á árinu. Má þar nefna fornleifaskráningu vegna deiliskipulags í Neskaupstað, við Kolugljúfur í Víðidal og vegna fiskeldis í Öxarfirði. Einnig vann deildin að fornleifaskráningum í tengslum við lagningu ljósleiðara og hitaveitu í Lýtingsstaðahreppi og raflínu í Deildardal, Unadal, á Fljótsdalshéraði og í Fjarðabyggð.